

Tillaga áheyrnarfulltrúa skólastjóra grunnskóla, skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skólamáltíðir í tengslum við COVID-19 faraldurinn.

Lagt er til að grunnskólar borgarinnar bjóði upp á heitar máltíðir eins og verið hefur í öllum þeim tilvikum þar sem húsnæði og sóttvarnarreglur bjóða uppá. Ef einungis hluti nemenda í skóla getur fengið mat í ljósi þessara atriða skal það gert og þá byrjað á yngstu nemendunum. Í þeim tilvikum sem að ekki er hægt að bjóða upp á heitan mat í matsal skal boðið upp á nestis- eða matarpakka sem hægt er að neyta í stofum. Skal máltíðin vera í samræmi við manneldismarkmið og af þeim gæðum að nemandi hafi næga næringu og orku fyrir allan skóladaginn.